

Óskum lesendum
Skóla-akurs
gleðilegra páska.

Skóla-akur



Vefrit um skólamál 7. tbl. 6. árg. 29. mars 2012

Myndir augnabliksins eru teknar af heimasíðu Kiðagils frá heimsókn barnanna á Smára í ráðhús Akureyrarbæjar.



Söngdagar leik- og grunnskóla.

Það hefur sennilega ekki farið fram hjá mörgum að nemendur úr leik- og grunnskólum Akureyrar hafa tvo sl. föstudaga sungið í miðbænum, nánar tiltekið í Skátagilinu. Söngdagar eru skipulagðir af starfsfólki leik- og grunnskóla Akureyrar og eru haldnir í tilefni af 150 ára afmæli Akureyrarkaupstaðar. Skólarnir skiptust niður á tvo daga og er gaman að segja fá því að nemendur á yngsta stigi í Hríseyjarskóla skelltu sér í kaupstað til að taka undir sönginn. Löggin sem börnin sungu voru: *Akureyri og norðrið fagra* (gengur oftast undir nafninu Eyjafjörður er fagur), *Snert hörpu mína* og *Krummi svaf í klettagjá*.

Það var Valgerður Hannesdóttir, leikskólastjóri á Hlíðaból, sem stýrði nemendum í upphafi og raðaði þeim í brekkuna neðst í Skátagilinu. Söngnum og undirspili stýrðu svo Ásta Magnúsdóttir tónmenntakennari í Giljaskóla og Karl Hallgrímsson tónmenntakennari í Naustaskóla. Myndirnar eru fengnar að láni af heimsíðum Síðuskóla og skóladeildar.



Innritun í leikskóla Akureyrar.

Innritunarbréf fyrir komandi skólaár verða send foreldrum í apríl og maí. Aðlögunartímar í leikskólana eru eftirfarandi:

Flúðir - 14. maí og í ágúst.
Holtakot - ágúst.
Kiðagil - 11. júní.
Lundarsel - 4. júní og í ágúst.
Naustatjörn - 29. maí og í ágúst.
Sunnuból - ágúst.

Hlíðaból - 14. maí og í ágúst.
Íðavöllur - ágúst og september.
Krógaból - 5. júní og í ágúst.
Pálmholt - 4. júní og í ágúst.
Síðusel - 21. maí og í ágúst.
Tröllaborgir - ágúst.

Heimsóknir á Amtbókasaafnið.

Nú er verið að kynna starfsemi Amtsbókasafnsins markvisst fyrir börnum í skólum bæjarins. Hugmyndin á bakvið þessar kynningar snýst um að börnin komi í heimsókn á safnið þrisvar sinnum á skólaskyldu-aldrinum. Fyrsta heimsóknin er árið sem þau verða sex ára og þá koma þau með leikskólanum sínum. Önnur heimsóknin er þegar börnin eru í 4. bekk og svo sú síðasta veturinn sem þau eru í 9. bekk. Myndin sýnir 4. bekkina Oddeyrarskóla í heimsókn.

Sjá nánar á heimasíðu Amtsbókasafnsins: <http://www.akureyri.is/amtsbokasafn/forsida>



Páskavefur Námsgagnastofnunar.

Á vefnum er hægt að skoða hvað auglýst hefur verið í íslenskum dagblöðum í dymbilviku í heila öld. Þróun vöruúrvals skoðuð, stíll, tenging við páskahátíðina og margt fleira. Þar má einnig lesa um páskahátíðina, uppruna páskaeggisins, lærisveinana, passíusálmana, Hallgrím Pétursson og margt fleira. Þar eru einnig ýmis skemmtileg verkefni fyrir nemendur. Sjá nánar á vef Námsgagnastofnunar: <http://www.nams.is/>

Skóla-akur er vef tímarit sem gefið er út af skóladeild Akureyrarbæjar, Glerárgötu 26, Akureyri

Ritstjóri: Linda María Ásgeirsdóttir starfsmaður á skrifstofu Akureyrarbæjar í Hrísey, lindamaria@akureyri.is. Upplýsingar um efni og ábendingar um hvað betur má fara eru vel þegnar og sendist á netfang ritstjóra. Sími 466-1762. Afgreiðslutími mán.-miðvikudaga frá 8 - 13.

Markmið blaðsins er að miðla upplýsingum til starfsfólks í skólum á Akureyri, til foreldra og annarra í skólasamfélaginu. **Dreifing:** Blaðinu er dreift með tölvupósti (pdf-snið) til starfsfólks í leik- og grunnskólum og í tónlistarskóla bæjarins auk fulltrúa foreldra o.fl.

Skólafélag Akureyrarbæjar.

Áherslur úr skólafélagi Akureyrarbæjar. Það er alltaf gott að rifja upp.

Viðmið um gæði

Markmið: Í skólum Akureyrarbæjar ríki virðing, umhyggjusemi, vellíðan og gleði. Með metnaðarfullu skólafélagi sé komið til móts við fjölbreyttar þarfir einstaklingsins.

Í góðum skóla...

- er góður liðsandi.
- mótast samskipti starfsfólks og nemenda af virðingu, umhyggju og hlýju.
- er þörfum nemenda fyrir öryggi, næringu og náms- og leikaðstöðu fullnægt.
- tekur agastjórnun ætíð mið af uppbyggjandi aðferðum.
- eru fjölbreyttar kennsluáferðir nýttar til að mæta mismunandi þörfum nemenda.
- eru sterkar hlíðar nemenda virkjaðar og einstaklingsþörfum mætt.
- er stuðlað að jafnræði allra nemenda varðandi aðstöðu og stuðning við nám.
- eru notaðar fjölbreyttar aðferðir við mat á námi og starfi nemenda.

Af heimasíðu Samtaka.

Íþrótt- og frístundaskóli grunnskólubarna á Akureyri undir 10 ára. Á fundi skólafélagar þann 5. mars sl. var Logi Már Einarsson úr skólafélagi tilnefndur sem fulltrúi skólafélagar í starfshóp um skipulag íþrótt- og tómstundaskóla. Þá var samþykkt að vinnuheiti verkefnisins yrði Frístundaskóli. Er það von Samtaka að nú hafi sú hugmynd fengið byr undir báða vængi að koma eigi á laggirnar íþrótt- og frístundaskóla og stuðla með því að samfélagi skóla- og frístundastarfi barna undir 10 ára aldri og jöfnum tækifærum þessara barna til íþrótt- og frístundaiðkunar. Þetta hefur verið helsta baráttumál Samtaka síðustu tvo vetur. Sjá nánar á heimasíðu Samtaka: <http://samtaka.net/>

Foreldraverðlaunin 2012.

Heimili og skóli óska eftir tilnefningum til foreldraverðlauna 2012. Verðlaunin verða afhent miðvikudaginn 16. maí við hátíðlega athöfn í Þjóðmenningarhúsinu. Tilnefningar sendist rafrænt á eyðublaði á vefsíðu samtakanna. Sjá nánar á: http://www.heimiliogskoli.is/?pid=8533&news2stage=2&news_id=118004

Miðstöð skólafélagar.

Föstudaginn 7. september 2012 verður haldin á vegum miðstöðvar skólafélagar við HA lokuð ráðstefna fyrir Byrjendalæsis kennara og hefst hún um hádegisbil. Laugardaginn 8. september 2012 verður síðan haldin opin læsisráðstefna og er fyrirhugað að hún standi frá kl. 9 - 16. Aðalfyrirlesari á ráðstefnunum verður Jane Carter lektor við University of the West of England í Bristol. Jane hefur sérstakan áhuga á að skoða hvernig barnabókmenntir styðja og efla les- og ritfærni barna. Nánari upplýsingar verða birtar þegar nær dregur á heimasíðu Miðstöðvar skólafélagar: <http://www.unak.is/skolathrounarsvid/page/umskolathroun>

Fagræð vegna eineltismála í grunnskólum hefur starfsemi.

Mennta- og menningarmálaráðherra Katrín Jakobsdóttir staðfesti þann 10. mars 2012 verklagsreglur um starfsemi fagræðs eineltismála í samræmi við [reglugerð nr. 1040/2011](#) um ábyrgð og skyldur skólasamfélagsins í grunnskólum. Ráðherra hefur einnig skipað þrjú manna fagræð til eins árs. Sjá nánar á vef mennta- og menningarmálaráðuneytisins: <http://www.menntamalaraduneyti.is/frettir/Frettatilkynningar/nr/6724>

Nýtt efni frá Námsgagnastofnun.

Beinagrindur – Kennsluleiðbeiningar.

Beinagrindur – innlagnir. Í kennsluleiðbeiningum með bókinni *Beinagrindur - Handbók um ritun* eru komnar innlagnir með hverjum kafla. Innlagnirnar eru settar upp á einfaldan hátt í Power Point og geta kennarar valið í flestum köflum um tvær mismunandi tegundir ritunar. Höfundar: Birna Heimisdóttir og Sigríður Nanna Björnsdóttir.

Bókin um Tíslu.

Um er að ræða námsbók í siðfræði og lífsleikni. Hún fjallar um hugsanir, tilfinningar og atvik sem upp kunna að koma hjá börnum við upphaf skólagöngu og hvernig má takast á við breytingar á jákvæðan hátt. Bókin er hugsuð fyrir kennara til að leiða samverustund með nemendum sínum þar sem rætt er um hvernig bregðast má við eða vinna með þessar tilfinningar. Höfundar: Hrunn Hlökkversdóttir og myndefni eftir Írisi Auði Jónsdóttur.

Lyt og se – Vefur.

Vefurinn *Lyt og se* er gagnvirkur vefur í dönsku fyrir unglíngastig. Vefurinn er gefinn út af Námsgagnastofnun með styrk frá Mennta- og menningarmálaráðuneytinu. Höfundar: Ásdís Lovísa Grétarsdóttir og Erna Jessen.

Maður og náttúra – Verkefni.

Verkefni til útprentunar með bókinni *Maður og náttúra* sem er námsefni í náttúrufræði fyrir unglíngastig grunnskóla. Bókin er í flokknum Litróf náttúrunnar ásamt bókunum *Lífheiminum* og *Mannslíkamanum*. Höfundar: Susanne Fabricius, þýðing: Þuríður Þorbjarnardóttir

Allir eiga rétt.

Kennsluefni fyrir unglíngastig um mannréttindi, gefið út í samstarfi við Unicef á Íslandi. Um er að ræða kennsluleiðbeiningar með verkefnum. Efninu er ætlað að auka þekkingu á mannréttindum, draga úr fordómum og efla færni nemenda til að verða vikrir þátttakendur í fjölmenningsarsamfélagi nútímans.

Sjá nánar á vef Námsgagnastofnunar: <http://nams.is/>